

TIL: Skipulagsfulltrúi Akureyrabæjar  
Pétur Ingi Haraldsson

ÚTI INNI

A R K I T E K T A R

DAGS: 09.12.2020

g r e i n a r g e r ð

BALDUR Ó. SVAVARSSON ARKITEKT FAÍ  
JÓN ÞÓR ÞORVALDSSON ARKITEKT FAÍ  
ÞINGHOLTSSTRÆTI 27 101 REYKJAVÍK  
SÍMI 552 7660 & 562 7660 FAX 552 7661  
E-mail ui@ui.is WWW.ui.is

VARÐAR: Austursíða 2, Akureyri - - Deiliskipulagsbreyting

Austursíða 2 er á reit merktur AT-8 skv. aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030. Um reitinn og gildir deiliskipulag sem nefnist AUSTURSÍÐA ATHAFNASVÆÐI. Skipulagið afmarkast af Austursíðu, Síðubraut, Hörgárbraut, og Hlíðarbraut og var samþykkt í bæjarstjórn Akureyrar 22. ágúst 2013. Skipulaginu fylgir einnig greinargerð með m.a. gildandi skilmálum.

Norðurtorg ehf. hefur nú hafið framkvæmdir við endurskipulagningu húsnæðis og lóðar í samræmi við samþykkt aðaluppdrætti og gildandi áður nefnt deiliskipulag.

Nú er óskað eftir breytingum á deiliskipulaginu fyrir þessa tilteknu lóð í takt við hugmyndir og möguleika sem skapast hafa við þróun og uppbyggingu lóðar og húss. Breytingarnar taka aðeins til Austursíðu 2 og afmarkast því af lóðarmörkum þeirrar lóðar.

#### Breytingin fellst í eftirfarandi:

1. Gerð ný viðbótar aðkoma með inn- og útkeyrslu frá Austursíðu að lóðinni nr. 2, vegna áætlaðrar aukinnar umferðar um lóðina með breyttri starfsemi.
2. Byggingareitur aðalbyggingar framlengdur til suðurs, framyfir samþykkt skyggni framan við verslanarýmin. (aðlögun að samþykktum teikningum)
3. Byggingareitur aðalbyggingar stækkaður fyrir glerbyggingu sem yfirbyggt útisvæði verslunar.
4. Gerður nýr byggingareitur fyrir þjónustuhús á lóðarmörkum við Austursíðu. Hámarksstærð þjónustuhúss verði allt að 300 m<sup>2</sup> og hámarkskhæð 5 m.
5. Gerður nýr byggingareitur fyrir svæði fyrir hraðhleðslustöðvar með tilheyrandi spennistöð. Hámarksstærð spennistöðvar verði allt að 20 m<sup>2</sup> og hámarkskhæð 3 m.

Um útlit nýrra mannvirkja á lóðinni gildir að öðru leiti, að þau taki mið af aðalbyggingu hvað efnisval, form og liti varðar. Um almenn atriði, umfram það sem fram kemur á deiliskipulagsuppdrættinum, vísast til gildandi skilmála fyrir Austursíðu – Athafnasvæði.

#### Frekari skýringar:

Fyrirhugað þjónustuhús verður lágrest bygging sem gæti hýst þjónustu svo sem mögulega bílapvottastöð, skyndibitastað eða annað. Húsið verður að hámarki 5 m hátt með litlum eða engum þakhalla og mun taka mið af hinu nýuppgerða verslunarhúsi, varðandi útlit og yfirbragð

Svæði fyrir hraðhleðslustöðvar er opið svæði (5) í takt við meðfylgjandi mynd af samskonar stöð við Staðarskála í Hrótafirði. Lágrest spennistöð fylgir framkvæmdinni. sbr. myndir hér að neðan.



Fyrirhugað yfirbyggt útisvæði verslunar (3) gæti verið sbr. meðfylgjandi hugmynd hér að neðan.



Með fyrirfram þökk.

Fh. Úti og inni sf. og Norðurorg ehf.  
Baldur Ólafur Svavarsson faí, samark

A handwritten signature in blue ink, consisting of several overlapping loops and a final flourish.